



HRUNAMANNAHREPPUR

41. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILÍÐ 2010 – 2014 8. FUNDUR ÁRSINS

VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 15. ÁGÚST 2013

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2013, þann 15. ágúst 2013 kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 2 mál, umsögn vegna gistileyfis vegna Laufskálabyggðar 11 og umsögn vegna veitingarleyfis í Hálendismiðstöðinni í Kerlingarfjöllum. Eins bætist við fundargerð starfshóps vegna skólaþjónustu í Árnesþingi frá 13. ágúst s.l. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindin fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Skólaskrifstofumál: Samstarf um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla.
2. Aukaðalfundur Skólaskrifstofu Suðurlands.
3. Fréttablaðið: Ósk um upplýsingar.
4. Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsögn vegna veitingaleyfis í Félagsheimilinu.
5. Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsögn vegna veitingaleyfis í Syðra-Langholti.
6. Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsögn vegna veitingaleyfis í Kaffi-Sel.
7. Skipulagsstofnun: Beiðni um lykiltölur úr aðalskipulagi
8. Þjóðskrá Íslands: Fasteignarmat 2014.
9. Fjarskiptamál.
10. Plast og Suða ehf: Uppsögn á þjónustusamningi.
11. Brunabót: Umsóknir úr styrktarsjóði EBÍ 2013.
12. Umhverfis og auðlindarráðuneytið: Umsagnarbeiðni vegna frumvarps um breytingar á skipulagsslögum.
13. Blátunna: Innleiðing.
14. Löggæslumál í Árnessýslu.
15. Íþróttahús: Stækkun.
16. Tungufell: Drög að afnotasamningi vegna afréttarmála.
17. Sauðfjarræktarfélag Hrunamanna: Erindi vegna rétta.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

18. Umhverfisnefnd: 12. fundur Umhverfisnefndar frá 24. júlí s.l.
19. Umhverfisnefnd: 13. fundur Umhverfisnefndar frá 30. júlí s.l.
20. Veitustjórn: Fundargerð 27. fundar veitustjórnar frá 1. ágúst s.l.
21. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 16. fundar landbúnaðarnefndar frá 12. ágúst s.l. – liggur frammi á fundinum-
22. Vinnuhópur um upplýsingaöflun fyrir nýbúa: Fundargerð frá 13. júní s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

23. 60. fundur skipulags- og bygginganefndar frá 27. júní s.l., og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 25. maí til 26. júní 2013.
Mál nr. 5: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
Mál nr. 36: Svæðisskipulag.
24. 61. fundur skipulags- og bygginganefndar frá 25. júlí s.l., og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 27. júní til 19. júlí 2013.
Mál nr. 1: Ásabyggð 11.
Mál nr. 4: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
Mál nr. 11: Deiliskipulagsbreyting í landi Grafar.
25. NOS og skólastjórnendur. Fundargerð 19. júní s.l.
26. NOS: Fundargerð 19. júní s.l.
27. NOS: Fundargerð 26. júní s.l.
28. NOS: Fundargerð 8. júlí s.l.
29. Starfshópur um skólaþjónustu: Fundargerð frá 29. júlí s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 226. fundar stjórnar frá 21. maí s.l.

- b. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 227. fundar stjórnar frá 16. júní s.l.
- c. Skólaskrifstofa Suðurlands: 149.stjórnarfundur frá 3. júní 2013.
- d. Skólaskrifstofa Suðurlands: 150.stjórnarfundur frá 28. júní 2013.
- e. Skólaskrifstofa Suðurlands: 151.stjórnarfundur frá 8. ágúst 2013.
- f. Háskólafélag Suðurlands: Skýrsla stjórnar á aðalfundi frá 6. Júní 2013.

Kynningarmál:

- g. Austurhof 1a og 1b. Lóðaskil.
- h. Nefndarsvið Alþingis: Umsagnarbeiðir.
- i. Hrunaheiðar: Dómur Héraðsdóms Suðurlands.
- j. Fundur um málefni Kjalarsvæðisins. Fundargerð
- k. Skólaþjónusta í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
- l. Samtök orkusveitarfélaga: 11. stjórnarfundur frá 16. maí 2013.
- m. Samtök orkusveitarfélaga: 12. stjórnarfundur frá 24. maí 2013.
- n. Samtök orkusveitarfélaga: 13. stjórnarfundur frá 5. júní 2013.
- o. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 806. fundar stjórnar frá 31. maí s.l.
- p. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 807. fundar stjórnar frá 28. júní s.l
- q. Skipulags- og byggingarfulltrúi: Minnisblað um gerð svæðisskipulags.
- r. Veiðifélag Árnesinga: Aðalfundargerð frá 23.apríl 2013.
- s. Samband íslenskra sveitarfélaga. Nýsköpunarráðstefna og nýsköpunarverðlaun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu 2013.
- t. Samband íslenskra sveitarfélaga: Leiðbeiningar til sveitarstjórna um viðauka við fjárhagsáætlun.
- u. Samband íslenskra sveitarfélaga: Minnisblað
- v. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Staðfesting samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.
- w. SASS: Styrkir til atvinnulífs og stefna í atvinnumálum.
- x. Samband íslenskra sveitarfélaga: Úthlutun úr Námsgagnasjóði.
- y. Innanríkisráðuneytið: Staðfestir samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Hrunamannahrepps.
- z. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Dýrahald í þéttbýli.
- aa. Hagsmunasamtök heimilanna: Stöðvun á nauðungarsölum án dómsúrskurðar.
- bb. Skipulagsstofnun: Umsögn um beiðni um undanþágu vegna staðsetningar þjónustuhúss í Kerlingarfjöllum.
- cc. Saman-hópurinn: Samvera fjölskyldunnar í sumar.
- dd. Innanríkisráðuneytið: Þjónusta við hælisleitendur.
- ee. Jöfnunarsjóður: Uppgjör á framlagi vegna lækkaðrar fasteignaskattstekna 2013.

Fundir framundan:

- ff. Haustferð sveitarstjórna Uppsveita 6. september.
- gg. Sorpstöð Suðurlands: Kynningarfundur um mögulegt framtíðarsamstarf SOS og Sorpu 21. ágúst n.k.
- hh. Stjórnarferð RARIK. Kynningarfundur 21. ágúst.
- ii. Aukaáfundur Skólaskrifstofu Suðurlands 23. ágúst.
- jj. Samband íslenskra sveitarfélaga: Ráðstefna um innleiðingu notendastýrðrar þjónustu á Íslandi þann 2. október n.k.

Skýrslur á skrifstofu:

- kk. Háskólafélag Suðurlands ehf: Ársreikningur 2012.
- ll. Byggðasafn Árnesinga: Ársskýrsla 2012.
- mm. Heilbrigðisstofnun Suðurlands: Upplýsingar um starfsemina.
- nn. Markaðsstofa Suðurlands: South Iceland Tourist map 2013.
- oo. Hönnunarkerppni vegna viðbyggingar við FSu
- pp. Friðarhlaup: Viðurkenning

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **Skólaskrifstofumál: Samstarf um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla.**

Oddviti kynnti samning um ráðgjöf um skipulagningu og verkefni þjónustu við leik- og grunnskóla í sjö sveitarfélögum í Árnesþingi. Sveitarstjórn samþykkir samninginn.

2. **Aukaaðalfundur Skólaskrifstofu Suðurlands.**

Oddviti kynnti dagskrá aukaaðalfundar vegna slita byggðasamlagsins um skólaskrifstofu Suðurlands þann 23. ágúst n.k. Sveitarstjórn samþykkir að eftirtaldir verði fulltrúar hennar á aukaaðalfundi Skólaskrifstofu Suðurlands: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir og Gunnar Þór Jóhannesson en til vara Unnsteinn Eggertsson og Esther Guðjónsdóttir.

3. **Fréttablaðið: Ósk um upplýsingar.**

Oddviti kynnti beiðni Fréttablaðsins um upplýsingar frá sveitarfélaginu um upplýsingar um „öll samsæti sem haldin hafa verið með kostnaðarþátttöku frá sveitarfélaginu á tímabilinu 8. október 2008 til 5. júlí 2013“. Nánar tiltekið er í beiðninni óskað eftir sundurliðuðum upplýsingum þar sem fram komi „tílefni, tímasetning og vettvangur viðburðar, skrá yfir gesti, yfirlit yfir veitingar og kostnað eftir hverjum lið“.

Sveitarstjórn bendir á að í 1. mgr. 3. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996, sem gilda um þetta mál þrátt fyrir gildistöku nýrri upplýsingarlaga, er mælt fyrir um að skylt sé að veita aðgang að fyrirbyggjandi gögnum sem varða tiltekið mál með þeim takmörkunum sem leiða af 4.-6. gr. laganna. Því er til að svara að umræddar upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi. Í 2. másl. 1. mgr. 3. gr. laganna er kveðið á um að ekki sé skylt að útbúa ný skjöl eða önnur gögn í ríkari mæli en leiðir af 7. gr., en þar er mælt fyrir um að afmá skuli þær upplýsingar sem eigi undir 4.-6. gr. laganna af skjölum sem að öðru leyti skal veita aðgang að.

Þær upplýsingar sem óskað er eftir liggja ekki fyrir eins og áður greinir. Samantekt upplýsinga úr þeim fjölda mála sem um ræðir myndi útheimta mikla vinnu sem skrifstofa sveitarfélagsins getur því miður ekki innt af hendi og er þar af leiðandi ekki hægt að verða við beiðninni.

Bent skal á að ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar um upplýsingamál, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1996. Mál skal borið skriflega undir nefndina innan 30 daga frá því að tilkynnt er um ákvörðun, sbr. 1. mgr. 16. gr. laganna.

4. **Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsögn vegna veitingaleyfis í Félagsheimilinu.**

Oddviti kynnti beiðni um umsögn vegna endurnýjunar á veitingaleyfi í Félagsheimili Hrunamanna. Sveitarstjórn samþykkir fyrirhugaðan afgreiðslutíma og staðfestir að staðsetning staðarins sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag kveða á um.

5. **Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsögn vegna veitingaleyfis í Syðra-Langholti.**

Oddviti kynnti beiðni um umsögn vegna endurnýjunar á veitingaleyfi í Syðra-Langholti. Sveitarstjórn samþykkir fyrirhugaðan afgreiðslutíma og staðfestir að staðsetning staðarins sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag kveða á um.

6. **Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsögn vegna veitingaleyfis í Kaffi-Sel.**

Oddviti kynnti beiðni um umsögn vegna endurnýjunar á veitingaleyfi í Kaffi-Seli. Sveitarstjórn samþykkir fyrirhugaðan afgreiðslutíma og staðfestir að staðsetning staðarins sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag kveða á um. Unnsteinn víkur sæti við afgreiðslu málsins.

7. **Skipulagsstofnun: Beiðni um lykiltölur úr aðalskipulagi.**

Oddviti kynnti beiðni frá Skipulagsstofnun um að yfirfarnar verði ákveðnar lykiltölur úr aðalskipulagi sveitarfélagsins. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að svara erindinu.

8. **Þjóðskrá Íslands: Fasteignarmat 2014.**

Oddviti kynnti breytingar sem hafa orðið á fasteignamati milli árána 2013 og 2014. Fram kom að fasteignamat á húsnæði hefur hækkað um 7,8% og landverð um 9% milli ára.

9. **Fjarskiptamál.**

Oddviti kynnti vinnu vegna skoðunar á möguleikum á uppbyggingu í fjarskiptamálum í Uppsveitum.

10. **Plast og Suða ehf: Uppsögn á þjónustusamningi.**

Oddviti kynnti uppsögn á samningi um snjómokstur og hálkuvarnir á Flúðum. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að auglýsa eftir þjónustuaðila og óska eftir tilboðum í þjónustuna.

11. Brunabót: Umsóknir úr styrktarsjóði EBÍ 2013.

Oddviti kynnti möguleika á styrkjum úr styrktarsjóði EBÍ. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að skoða hvort einhver verkefni gætu fallið undir reglur sjóðsins.

12. Umhverfis og auðlindarráðuneytið: Umsagnarbeiðni vegna frumvarps um breytingar á skipulagslögum.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni vegna frumvarps um breytingar á skipulagslögum. Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir því að Skipulagsnefnd gefi umsögn um frumvarpið.

13. Blátunnan: Innleiðing.

Oddviti kynnti stöðu mála vegna innleiðingar á blátunnunni og upplýsingarbækling um sorpmál í sveitarfélaginu. Byrjað verður að dreifa blátunnu til heimila og blátunnukörum á grenndarsvæðum/gámastæðum í sveitarfélaginu mánudaginn 19. ágúst. Fyrsta hirðing fer fram þann 19.-20. september. Sveitarstjórn lýsir ánægju með innleiðingu blátunnunnar og hvetur íbúa og gesti sveitarinnar til að kynna sér flokkunarmöguleika á sorpi og taka virkan þátt í verkefninu frá upphafi.

14. Löggæslumál í Árnessýslu.

Oddviti kynnti málið. Sveitarstjórn krefst þess að nú þegar verði gripið til aðgerða þannig að fjárveitingar til Lögreglunnar í Árnessýslu verði auknar svo koma megi í veg fyrir fækkun starfsmanna og þá skerðingu á þjónustu sem af slíku hlýst. Í raun er brýn þörf á fjölgun lögreglumanna í Árnessýslu.

Ef fram fer sem horfir þá verður einn bíll á vakt hverju sinni í Árnessýslu allri. Það er ljóst að með því verður ekki mögulegt að tryggja lágmarksþjónustu. Rétt er að leggja áherslu á gríðarlegt umfang löggæslusvæðisins en í sýslunni búa um 16.000 íbúar og að auki sækja héraðið heim um 700.000 ferðamenn á ári hverju. Jafnframt er rétt að geta þess að að jafnaði eru um 10.000 manns í sumarbústöðum á svæðinu yfir sumartímann og getur sá fjöldi hæglega farið í 25.000 manns um helgar.

15. Ípróttahús: Stækkun.

Oddviti kynnti möguleika á fyrirhugaðri stækkun á ípróttahúsi en á sínum tíma var ípróttahúsið teiknað og skipulagt í fullri stærð. Sveitarstjórn felur oddvita og sveitarstjóra að skoða áætlaðan kostnað við stækkun ípróttahússins.

16. Tungufell: Drög að afnotasamningi vegna afréttarmála.

Oddviti kynnti drög að afnotasamningi við Tungufellsbændur vegna afnota af landi undir afrétt ofan afréttargirðingar og gerði í Tungufellsdal. Sveitarstjórn samþykkir samningsdrögin með áorðnum breytingum og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

17. Sauðfjárræktarfélag Hrunamanna: Erindi vegna rétta.

Oddviti kynnti erindi frá stjórn sauðfjárræktarfélagsins þar sem vakin er athygli á bílastæðum og aðgengi bænda við Hrunaréttir. Sveitarstjórn telur heppilegt að skoða heildrænt skipulag svæðisins og felur landbúnaðarnefnd að huga að málinu. Vígsla á endurbyggingu Hrunaréttar mun fara fram á réttardaginn föstudaginn 13. september 2013 kl. 10:00. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að undirbúa vígsluna.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

18. Umhverfisnefnd: 12. fundur Umhverfisnefndar frá 24. júlí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 12. fundar Umhverfisnefndar. Farið var yfir drög að upplýsingarriti vegna innleiðingar á blátunnu og rætt um alaskalúpínu og skógarkerfil. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina. Jafnframt vill hún þakka Evelyn Bryner fyrir góð störf í Umhverfisnefnd en hún hætti í henni vegna búferlaflutninga.

19. Umhverfisnefnd: 13. fundur Umhverfisnefndar frá 30. júlí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 13. fundar Umhverfisnefndar. Farið yfir upplýsingarbækling um flokkun úrgangs og blátunnuna. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

20. Veitustjórn: Fundargerð 27. fundar Veitustjórnar frá 1. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 27. fundar Veitustjórnar. Samþykkt var að fara í framkvæmdir á stækkun á hitaveitulögn frá Vesturbrún að Melum og farið yfir vatnsnotkun á köldu og heitu vatni í sumar. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

21. **Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 16. fundar Landbúnaðarnefndar frá 12. ágúst s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 16. fundar Landbúnaðarnefndar. Farið var yfir og skipað í leitir vegna fjallferðar. Rætt var fyrirkomulag Heiðarsmölunar, farið yfir drög að samningi við Tungufell vegna afréttarmála, gjaldskrá fjallskila rædd og erindi Sauðfjárræktarfélagins vegna bílastæða við Hrunaréttir tekið fyrir. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
22. **Vinnuhópur um upplýsingaöflun fyrir nýbúa: Fundargerð frá 13. júní s.l.**
Oddviti kynnti fundargerðina. Farið var yfir samþykktir hreppsnefndar um verkefni hópsins, farið yfir heimasíður um málefni nýbúa og hvaða verkefni þyrfti að skoða. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

23. **60. fundur Skipulagsnefndar frá 27. júní s.l, og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 25. maí til 26. júní 2013.**
Oddviti kynnti fundargerð 54. fundar Skipulagsnefndar frá 20. desember. s.l. ásamt 90. og 91. afgreiðslufundum byggingarfulltrúa. Afgreiðsla einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp er eftirfarandi:
Mál nr. 5: Afgreiðslur byggingafulltrúa. Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 25.maí til 26.júní.
Mál nr. 36: Svæðisskipulag. Samþykkt að fela skipulagsfulltrúa að undirbúa fund skipulagsnefndar um svæðisskipulagsgerð.
24. **61. fundur skipulagsnefndar frá 25. júlí s.l, og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 27. júní til 19. júlí 2013.**
Oddviti kynnti fundargerð 54. fundar Skipulagsnefndar frá 20. desember. s.l. ásamt 90. og 91. afgreiðslufundum byggingarfulltrúa. Afgreiðsla einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp er eftirfarandi:
Mál nr. 1: Ásabyggð 11.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar á umsögn varðandi stækkun á sumarhúsi á lóðinni Ásabyggð 11 þar sem hluti stækkunar er utan byggingarreits. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.
Mál nr. 4: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa fram til 19. júlí 2013.
Mál nr. 11 Deiliskipulagsbreyting, Gröf fríst.byggð og skógrækt.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að breyta aðalskipulagi sveitarfélagsins á þann veg svæði sem liggur meðfram Bræðratunguvegi og skilgreint er sem blanda opins svæðis til sérstakra nota og svæði fyrir frístundabyggð, merkt sem F26, verði eingöngu skilgreint sem frístundabyggð. Jafnframt er ákvæðum varðandi fjölda frístundahúsalóða breytt á þann veg að í staðinn fyrir að gera ráð fyrir 4-6 lóðum verði heimilt að vera með 15-20 lóðir. Breytingin er óveruleg þar sem þegar er búið að kynna hana fyrir aðliggjandi landeigendum og lóðarhöfum án athugasemda. Málið samþykkt skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
25. **NOS og skólastjórnendur. Fundargerð 19. júní s.l.**
Oddviti lagði fram fundargerð fundar NOS og skólastjórnenda um stöðu mála og framtíðarsýn vegna úrsagnar Árborgar úr Skólaskrifstofu Suðurlands.
26. **NOS: Fundargerð 19. júní s.l.**
Oddviti lagði fram fundargerð NOS frá 19. júní s.l. vegna málefna tengdum lausnum á sérfræðiþjónstu við skólana vegna slita Skólaskrifstofu Suðurlands.
27. **NOS: Fundargerð 26. júní s.l.**
Oddviti lagði fram fundargerð NOS frá 26. júní s.l. vegna málefna tengdum lausnum á sérfræðiþjónstu við skólana vegna slita Skólaskrifstofu Suðurlands.
28. **NOS: Fundargerð 8. júlí s.l.**
Oddviti lagði fram fundargerð NOS frá 8. júlí s.l. Farið var yfir og rædd mál varðandi lausnir á sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla og hugmyndir um ráðningu ráðgjafa kynntar. Þá var ákveðið að stofna lítinn vinnuhóp úr hluta NOS til að vinna málið áfram.
29. **Starfshópur um skólaþjónustu: Fundargerðir frá 29. júlí og 13. ágúst s.l.**
Oddviti lagði fram fundargerðir starfshóps um skólaþjónustu frá 29. júlí og 13. ágúst s.l. M.a var farið yfir drög að samningi við Gerði Óskarsdóttur sérfræðing, stefnt er að stofna skólaþjónustu fyrir 1. des n.k. og farið yfir tillögur að verkefnalista.

Önnur mál:

30. Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsögn vegna gistileyfis vegna Laufskálabyggðar 11.

Oddviti kynnti beiðni um umsögn vegna gistileyfis vegna Laufskólabyggðar 11. Sveitarstjórn vísar málinu til Skipulagsnefndar.

31. Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsögn vegna endurnýjunar á gisti- og veitingaleyfi í Hálandismiðstöðinni í Kerlingarfjöllum.

Oddviti kynnti beiðni vegna endurnýjunar á gisti- og veitingaleyfi í Hálandismiðstöðinni í Kerlingarfjöllum. Sveitarstjórn samþykkir fyrirhugaðan afgreiðslutíma og staðfestir að staðsetning staðarins sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag kveða á um.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 226. fundar stjórnar frá 21. maí s.l.** Lagt fram til kynningar.
- b. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 227. fundar stjórnar frá 16. júní s.l.** Lagt fram til kynningar.
- c. **Skólaskrifstofa Suðurlands: 149.stjórnarfundur frá 3. júní 2013.** Lagt fram til kynningar.
- d. **Skólaskrifstofa Suðurlands: 150.stjórnarfundur frá 28. júní 2013.** Lagt fram til kynningar.
- e. **Skólaskrifstofa Suðurlands: 151.stjórnarfundur frá 8. ágúst 2013.** Lagt fram til kynningar.
- f. **Háskólafélag Suðurlands: Skýrsla stjórnar á aðalfundi frá 6. júní 2013.** Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- g. **Austurhof 1a og 1b. Lóðaskil.** Lagt fram til kynningar.
- h. **Nefndarsvið Alþingis: Umsagnarbeiðir.** Lagt fram til kynningar.
- i. **Hrunaheiðar: Dómur Héraðsdóms Suðurlands.** Lagt fram til kynningar.
- j. **Fundur um málefni Kjalarsvæðisins. Fundargerð.** Lagt fram til kynningar.
- k. **Skólaþjónusta í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.** Lagt fram til kynningar.
- l. **Samtök orkusveitarfélaga: 11. stjórnarfundur frá 16. maí 2013.** Lagt fram til kynningar.
- m. **Samtök orkusveitarfélaga: 12. stjórnarfundur frá 24. maí 2013.** Lagt fram til kynningar.
- n. **Samtök orkusveitarfélaga: 13. stjórnarfundur frá 5. júní 2013.** Lagt fram til kynningar.
- o. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 806. fundar stjórnar frá 31. maí s.l.** Lagt fram til kynningar.
- p. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 807. fundar stjórnar frá 28. júní s.l.** Lagt fram til kynningar.
- q. **Skipulags- og byggingarfulltrúi: Minnisblað um gerð svæðisskipulags.** Lagt fram til kynningar.
- r. **Veiðifélag Árnesinga: Aðalfundargerð frá 23.apríl 2013.** Lagt fram til kynningar.
- s. **Samband íslenskra sveitarfélaga. Nýsköpunarráðstefna og nýsköpunarverðlaun í opinberri þjónustu og stjórnarsýslu 2013.** Lagt fram til kynningar.
- t. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Leiðbeiningar til sveitarstjórna um viðauka við fjárhagsáætlun.** Lagt fram til kynningar.
- u. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Minnisblað.** Lagt fram til kynningar.
- v. **Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Staðfesting samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.** Lagt fram til kynningar.
- w. **SASS: Styrkir til atvinnulífs og stefna í atvinnumálum.** Lagt fram til kynningar.
- x. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Úthlutun úr Námsgagnasjóði.** Lagt fram til kynningar.
- y. **Innanríkisráðuneytið: Staðfestir samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Hrunamannahrepps.** Lagt fram til kynningar.

- z. **Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Dýrahald í þéttbýli.** Lagt fram til kynningar.
- aa. **Hagsmunasamtök heimilanna: Stöðvun á nauðungarsölum án dómsúrskurðar.** Lagt fram til kynningar.
- bb. **Skipulagsstofnun: Umsögn um beiðni um undanþágu vegna staðsetningar þjónustuhúss í Kerlingarfjöllum.** Lagt fram til kynningar.
- cc. **Saman-hópurinn: Samvera fjölskyldunnar í sumar.** Lagt fram til kynningar.
- dd. **Innanríkisráðuneytið: Þjónusta við hælisleitendur.** Lagt fram til kynningar.
- ee. **Jöfnunarsjóður: Uppgjör á framlagi vegna lækkaðrar fasteignaskattstekna 2013.** Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- ff. **Haustferð sveitarstjórna Uppsveita 6. september.** Lagt fram til kynningar.
- gg. **Sorpstöð Suðurlands: Kynningarfundur um mögulegt framtíðarsamstarf SOS og Sorpu 21. ágúst n.k.** Lagt fram til kynningar.
- hh. **Stjórnarferð RARIK. Kynningarfundur 21. ágúst.** Lagt fram til kynningar.
- ii. **Aukaaðalfundur Skólaskrifstofu Suðurlands 23. ágúst.** Lagt fram til kynningar.
- jj. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Ráðstefna um innleiðingu notendastýrðrar þjónustu á Íslandi þann 2. október n.k.** Lagt fram til kynningar.

Skýrslur á skrifstofu:

- kk. **Háskólafélag Suðurlands ehf: Ársreikningur 2012.**
- ll. **Byggðasafn Árnesinga: Ársskýrsla 2012.**
- mm. **Heilbrigðisstofnun Suðurlands: Upplýsingar um starfsemina.**
- nn. **Markaðsstofa Suðurlands: South Iceland Tourist map 2013.**
- oo. **Hönnunarkeppni vegna viðbyggingar við FSu**
- pp. **Friðarhlaup: Viðurkenning**

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:50.